

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 837/2010

2014/EES/12/40

frá 23. september 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (1), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 37. gr.,
að höfðu samráði við hlutaðeigandi lönd,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórninni hafa borist svör frá Líberíu við skriflegri beiðni sinni um að fá skriflega staðfestingu á því að flytja megi út tiltekinn úrgang, sem er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og sem útflutningur á er ekki bannaður skv. 36. gr. hennar, frá Bandalaginu til endurnýtingar í þessu landi og um að fá upplýsingar um þá eftirlitsaðferð sem verður hugsanlega

notuð í viðtökulandinu. Framkvæmdastjórninni hafa einnig borist frekari upplýsingar í tengslum við Andorra, Kína, Króatíu og Indland. Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 (2) til að taka tillit til þess.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fjórtánda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 250, 24.9.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

VIÐAUKI

- 1) Í stað færslunnar fyrir Andorra komi eftirfarandi:

„Andorra

a	b	c	d
	Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006*		

- 2) Í stað færslunnar fyrir Kína komi eftirfarandi:

„Kína

a	b	c	d
undir B1010: — eðalmálmar (nema gull, platína) — Mólýbdenrusl — Kóbaltrusl — Manganrusl — Indíumrusl — Þóríumrusl — Lantaniðarusl — krómrusl			undir B1010: — eðalmálmar (gull, platína) — rusl úr járn og stáli — koparrusl — nikkelrusl — álrusl — sinkrusl — tinrusl — volframrusl — tantalrusl — magnesíumrusl — bismútrusl — titanrusl — sirkonrusl — germaníumrusl — vanadíumrusl — hafnium-, níóbium-, reníum- og gallíumrusl
B1020-B1040			
			B1050
B1060			
			B1070
B1080-B1100			
			B1115
undir B1120: allur annar úrgangur			undir B1120: hliðarmálmar, eingöngu þeir sem innihalda >10% V2O5), nema úrgangshvatar (notaðir hvatar, notaðir hvatar í fljótandi formi eða aðrir hvatar) í skrá A
B1130-B1200			

a	b	c	d
			B1210
B1220			
			B1230
B1240			
			B1250
undir B2010: allur annar úrgangur			undir B2010: glimmerúrgangur
B2020			
undir B2030: allur annar úrgangur			undir B2030: eingöngu rusl úr volframkarbíði
B2040			
B2060-B2130			
undir B3010: hertur resínúrgangur eða afurðir fengnar með þéttingu, m.a. eftirfarandi: — úreaformaldehýðresín — melamínformaldehýðresín — epoxýresín — alkýðresín			undir B3010 — allur annar úrgangur svo fremi hann sé hitadeigur
			B3020
undir B3030 — allur annar úrgangur			undir B3030: — úrgangur úr ull eða fín- eða grófgerðu dýrahári, einnig garnúrgangur, en þó ekki forkembd textílefni — baðmullarúrgangur (einnig garnúrgangur og forkembd textílefni) — úrgangur (einnig afkembur, garnúrgangur og forkembd textílefni) úr gervitrefjum
B3035			
undir B3040 – allur annar úrgangur			undir B3040: eingöngu ósúlfað gúmmí
			B3050
B3060-B3070			
undir B3080 — allur annar úrgangur			undir B3080: eingöngu ósúlfað gúmmí
B3090-B4030			
undir GB040 — allur annar úrgangur			undir GB040 — eingöngu gjall úr bræðsluofni, sem fellur til við koparbræðslu og inniheldur >10% af kopar
			GC010

a	b	c	d
undir GC020 — allur annar úrgangur			undir GC020 — eingöngu kapla- og víraúrgangur, rusl úr rafhreyflum
			GC030
GC050-GG040			
			GH013
GN010-GN030 ^{cc}			

- 3) Í stað færslunnar fyrir Króatíu komi eftirfarandi:

„Króatía

a	b	c	d
			Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ^{cc}

- 4) Í stað færslunnar fyrir Indland komi eftirfarandi:

„Indland

a	b	c	d
			Allur úrgangur sem tilgreindur er í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ^{cc}

- 5) Á eftir færslunni fyrir Líbanon bætist eftirfarandi færsla við:

„Líbería

a	b	c	d
			B3020 ^{cc}